

Kæru forráðamenn nemenda á yngsta stigi.

Nú stýttist í skólabyrjun og undirbúningur skólafarfsins er í fullum gangi. Hér koma nokkrar gagnlegar upplýsingar sem eflaust brenna á mörgum í upphafi skólaársins.

Skóladagurinn

Skóladagur nemenda á yngsta- og miðstigi hefst alla daga kl. 8:15 á morgna. Skóladegi nemenda lýkur á eftirfarandi tímum:

Nemendur á yngsta stigi (1.-4. bekkur) ljúka skóladegi kl. 13:30

Nemendur á miðstigi (5.-7. bekkur) ljúka skóladegi kl. 13:50

Nemendur á unglingastigi byrja kl. 8:20

Breytingar á skólaárinu 2018-2019

Í vetur verða gerðar breytingar á yngsta stigi þannig að hætt verður samkenslu í 3.-4.b. og nemendum verður kennt í sitthvorum árgöngum. Að þessu sinni var tekin ákvörðun um að skipta báðum bekkjum í tvo bekki þannig að um 16 – 19 nemendur verða í hverjum bekk.

Innkaup

Skólinn skaffar nemendum námsgögn til nota í skólanum. Með námsgögnum er m.a. átt við stílabækur, blýanta, liti, gráðuboga o.fl. til notkunar í skólunum.

Nemendur Sjálandsskóla þurfa að eiga:

- Skólatösku
- Hitabúsa (notað í útikenslu)
- Heyrnartól
- Íþróttaföt og íþróttaskó
- Sundfatnað
- Nemendur þurfa að eiga ritföng heima til að geta sinnt heimanámi

Skólaboðunarfundir

Allir nýir nemendur Sjálandsskóla og forráðamenn þeirra eru boðaðir á fund með viðkomandi umsjónarkennara. Kennarar munu hafa samband símleiðis eða með tölvupósti á tímabilinu 16.-20.ágúst.

Sú breyting verður gerð að nú verða allir nemendur og forráðamenn þeirra verða boðaðir á sameiginlegan fund með umsjónarkennara á eftirfarandi tímum 22. ágúst:

09:00-10:00 Skólaboðunarfundur fyrir alla nemendur í 2.- 3.b
10:00-11:00 Skólaboðunarfundur fyrir alla nemendur í 4.-7.b.
13:00-14:00 Skólaboðunarfundur fyrir alla nemendur í 8.- 10.b.

Umsjónarkennarar munu hafa samband við forráðamenn nýnema á tímabilinu 16. – 18. ágúst og boða í viðtölin. Skóladagatal fyrir skólaárið ásamt hagnýtum upplýsingum má finna á heimasíðu Sjálalandskóla.

Námskeið í heimalestri fyrir foreldra nemenda í 1.bekk

Þann 4. september verður haldið námskeið fyrir foreldra nemenda í 1.bekk. Í boði eru tvær tímasetningar þ.e. kl. 8:15-10:15 eða 20:-22:00. Sérkennari og umsjónarkennarar á yngsta stigi halda námskeiðið en það fjallar um heimalestur og hvernig foreldrar geta sem best stutt við heimalestur barna sinna. Ætlast er til þess að forráðamenn nemenda í 1. bekk mæti á námskeiðið en foreldrar nýnema í 2.- 4. bekk er velkomið að sækja það, óski þeir eftir því. Námskeiðið ber yfirskriftina „Við kennum þið þjálfði. Skráning forráðamanna fer fram í skólaboðunarviðtali nýnema.

Skólamat

Hægt er að kaupa mat fyrir nemendur hjá skolamat.is. Forráðamenn velja hvort þeir kaupa einn eða fleiri daga. Síðdegishressing er í boði fyrir nemendur sem eru í tómstundaheimilinu Sælukoti en hún er innifalin í gjaldi fyrir vistun barnsins og útbúin af starfsfólki Sælukots. Hægt er að finna upplýsingar um verð á hádegismat á heimasíðu Garðabæjar. Skráning fer fram eins og áður segir hjá Skólamat en þeir munu senda upplýsingar til foreldra í lok vikunnar. Skólamat verður í boði frá og með fyrsta skóladegi ársins þ.e. 23.ágúst.

Tómstundaheimilið Sælukot

Skráning fyrir nemendur í 1.-4.bekk í tómstundaheimilið Sælukot fer fram á íbúavefnum Minn Garðabær. Skóladegi hjá þessum árgöngum lýkur klukkan 13:30 á daginn, eftir það opnar tómstundaheimilið og er opið til klukkan 17:00. Formlegri innritun lauk 15. júní, allir þeir sem voru innritaðir fyrir þann tíma geta hafið dvöl á tómstundaheimili við upphaf skólastarfsins þann 23. ágúst. Staðfesting á nýjum skráningum miðast við starfsmannahald í tómstundaheimilinu. Vegna skipulagningar á starfsmannahaldi biðjum við ykkur að skrá börnin sem fyrst. Verðskrá má finna á vefsíðu Garðabæjar.

Frístundabíll

Frístundabíllinn hefur það hlutverk að keyra börn frá tómstundaheimilum grunnskóla í íþrótt- og tómstundastarf. Bíllinn ekur virka daga kl. 14:15-17:30 og fer fram og til baka á hverjum 30 mínútum.

Skráning í frístundabíllinn er á íbúavefnum [Mínum Garðabæ](#) Þar er hægt að kaupa kort, fylla á eldri kort og fá nánari upplýsingar um verð.

Samræmd próf

Nemendur í 4.bekk munu þreyta samræmd próf í íslensku fimmtudaginn 27. september og í stærðfræði 28. september. Nánari upplýsingar munu koma frá umsjónarkennurum þegar nær dregur.

Hlökkum til samstarfsins í vetur.

Með kærri kveðju,

Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri

**Lestrarnámskeið 4.sept kl. 8:15 – 10:10
20:00 – 22:00**